

## **Tillaga til 494. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 5. maí 2022**

Tillaga frá 582. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar sem fram fór þann 13. apríl 2022, um að bæjarstjórn samþykki veglínu D og að framkvæmdaaðila gert að uppfæra uppdrátt og greinargerð í samræmi við athugasemdir. Nefndin telur breytingar ekki þess eðlis að auglýsa þurfi tillöguna að nýju.

### **9. Dynjandisheiði - Breyting á aðalskipulagi vegna veglagningar - 2021030106**

Lagðar fram athugasemdir frá Guðmundi R. Björgvinssyni og Geir Sigurðssyni dags. 29. mars 2022, þar sem þeir mæla með veglínu D skv. tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna áforma um vegbætur á Dynjandisheiði sem var auglýst skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga 123/2010 og var frestur til að skila inn athugasemdum til 5. apríl 2022.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að veglína D verði farin og framkvæmdaaðila gert að uppfæra uppdrátt og greinargerð í samræmi við athugasemdir. Nefndin telur breytingar ekki þess eðlis að auglýsa þurfi tillöguna að nýju.*